

CHRISTIAN G. DE VITO, JULIANE SCHIEL  
OG MATTHIAS VAN ROSSUM

Úr ánauð í óvissu?

Ný sjónarmið í vinnu- og félagssögu

*Formáli að þýðingu*

Þýðing *Ritsins* að þessu sinni er grein eftir sagnfræðingana Christian G. De Vito, Juliane Schiel og Matthias Van Rossum og birtist upphaflega í *Journal of Social History* árið 2020. Í henni er í senn að finna greiningu á stöðu þekkingar á sviði vinnusögu nú þegar rúm tuttugu ár eru liðin af 21. öldinni, ákall um breyttar áherslur í rannsóknum á sviðinu og stefnuyfirlýsingu fyrir þá róttæku endurskoðun á grundvallarþekkingarviðmiðum innan vinnusögunnar sem höfundarnir hafa ásamt stærri hópi sagnfræðinga staðið fyrir á undanförunum árum innan verkefnisins *Worlds of Related Coercions in Work (WORCK)*. Markmið þessa verkefnis, sem starfrækt hefur verið frá árinu 2019, er að móta nýja vinnusögu á grunni empírískra rannsókna á breytilegri virkni og hlutdeild þvingunar, ánauðar og ósjálfstæðis í hvers kyns vinnutengslum í tímans rás og á hnattrænum skala og draga þannig fram mikilvæga hlutdeild vinnunnar í stærra samhengi félagssögunnar. Auk þess að vera leiðandi í *WORCK* verkefninu hafa höfundarnir verið í fararbroddi þeirra áherslubreytinga á sviði vinnusögu sem raktar eru í greininni og hafa gefið út fjölda bóka og greina um efnið.

Juliane Schiel, dósent í félags- og hagsögu miðalda og árnýaldar við háskólann í Vínarborg, hefur verið í fararbroddi þeirrar endurskoðunar sem hefur átt sér stað á undanförunum árum á hlutverki þrælalands í evrópskri sögu og menningu. Rannsóknir hennar fjalla einkum um þrælalands og vinnu kvenna í suðausturhluta Evrópu á síðmiðöldum og árnýöld. Hún hefur jafnframt verið framarlega í því að móta aðferðafræði sögulegrar merkingarfræði (e. *historical*



*semantics*) þar sem stafrænar aðferðir gegna lykilhlutverki við greiningu á málnotkun um vinnu og ánauð í sögulegu samhengi.

Rannsóknir Christians G. De Vito, verkefnisstjóra við Bonn Center for Dependency and Slavery Studies við háskólann í Bonn, snúa einkum að samtvinnu aðri sögu heimsvaldastefnu Spánverja á 18. og 19. öld og þróun vinnutengdra refsinga og ánauðar á borð við nauðungarflutninga, fangavinnu, galeiðuprælkun og kvaðavinnu frumbyggja innan hins spænskumælandi menningarheims. Hann hefur jafnframt verið framarlega í umræðu um kenningar og aðferðafræði innan félags- og vinnusögu, þar sem hann hefur talað fyrir (aðferða)fræðilegri samþættingu einsögu annars vegar og hnattrænnar sögu hins vegar, þar sem eiginleikar hvors sérsviðs fyrir sig eru dregnir fram til þess að varpa skýrara ljósi á gagnvirk áhrif hins smáa og einstaklingsbundna og hins stóra og kerfislæga innan samtengdra hnattrænna valda- og efnahagskerfa.

Matthias Van Rossum, sérfræðingur við International Institute of Social History í Amsterdam, vinnur einkum að rannsóknum á þvinguðum vinnutengslum innan áhrifasvæðis hollenska Austur-Indíafélagsins á 17. og 18. öld. Samskipti evrópskra sjómanna og innfæddra verkamanna í nýlendum Hollendinga í Indónesíu og víðar við Indlandshaf hafa verið honum hugleikin en jafnframt aðferðir undirsáta til andófs og uppreisnar gegn ánauð og þvingun. Hann hefur einnig verið virkur þátttakandi í þeirri endurskoðun á hlutverki Hollands í alþjóðlegri þrælaverslun og þrælkun og áhrifum þess á menningu og sjálfsmynd Hollendinga sem átt hefur sér stað á undanförunum árum.

Greinin birtist upphaflega í *Journal of Social History* 54, 2/2020 og er birt hér með leyfi höfunda og útgefanda. Greinin er byggð á vinnu við COST verkefnið Worlds of Related Coercions in Work (WORCK CA18205), sem nýtur stuðnings COST (European Cooperation in Science and Technology).

*Vilhelm Vilhelmsson*

CHRISTIAN G. DE VITO, JULIANE SCHIEL  
OG MATTHIAS VAN ROSSUM

## Úr ánauð í óvissu?

### Ný sjónarmið í vinnu- og félagssögu

Sagan hefur löngum verið skrifuð út frá vestrænu sjónarhorni og haft línulaga sýn á framfarir og nútíma að leiðarljósi. Grundvallaratriði þessarar stórsögu má rekja til vinnusögu, sér í lagi tengsl hins „frjálsa“ launþega og hugmyndarinnar um karlmanninn sem fyrirvinnu heimilisins með tilkomu og útbreiðslu kapítalisma. Nýjar jafnt sem eldri nálganir á vinnusögu eiga það sammerkt að setja verkalyð í samhengi við „tvöfalt frelsi“ launþegans — alla jafna (rang)túlkað sem frelsi undan því að eiga framleiðslutækin og frelsi til að selja vinnu sína.<sup>1</sup> Þeir sem skilgreindir eru út frá annars konar vinnutengslum — svo sem þrælar, ánauðugir bændur og kvaðabundið verkafólk en jafnframt þeir sem vinna ólaunaða vinnu utan atvinnumarkaðarins, aðallega konur og börn — hafa ekki verið teknir með í myndina og slík vinnutengsl jafnan talin „gamaldags“, heyra undir for-nútíma en ekki hið kapítalíska ástand og jafnvel skilgreind sem starfsleysa. Evrópu-miðuð slagsíða og hin meinta umbreyting sem á að hafa átt sér stað þegar frjáls launavinna leysti ánauð af hólmi hefur smættað tímaás vinnusögunnar, sem iðulega er rakinn aftur til iðnbyltingarinnar á Englandi, enn frekar.

Í þessari grein verður því haldið fram að það sé til mikils unnið að vinda ofan af áhrifum vestræns nútíma innan vinnusögu ef við eigum að komast hótínu nær því að skrifa sagnfræði án aðgreiningar.<sup>2</sup> Skoðaðar verða nýlegar umræður um

<sup>1</sup> Marcel van der Linden, „Labour History. The Old, the New and the Global“, *African Studies* 66, 2–3/2007, bls. 169–180; Jairus Banaji, *Theory as History. Essays on Modes of Production and Exploitation*, Chicago: Brill, 2010; Sumit Sarkar, „The Return of Labour to South Asian History“, *Essays of a Lifetime. Reformers, Nationalists, Subalterns*, Ranikhet: Permanent Black, 2018, bls. 576–613. Í *Auðmagninu* er Marx gagnrýninn á „tvöfalt frelsi“ launþegans, þeir eiga ekki framleiðslutækin og þar af leiðandi er lífsviðurværi þeirra algerlega háð markaðinum.

<sup>2</sup> Um nauðsyn þess að vinda ofan af (e. *unthink*) nútímanum og skapa andrými fyrir sagnfræði án aðgreiningar, sjá Gennaro Ascione, *Science and the Decolonization of Social Theory. Unthinking Modernity*, London: Palgrave Macmillan, 2016. Dipesh Chakrabarty hefur

sagnritun sem hingað til hafa einkum farið fram á forsendum vestrænna fræðimanna með nútímann á sínu rannsóknarsviði; að okkar viti verður að ganga skrefinu lengra ef ætlunin er að afmiðja og alþjóðavæða hugsun um vinnu- og félagssögu, þess vegna viljum við stokka upp í umræðunni með aðferðafræðilegum nálgunum af öðrum toga, nálgunum sem eiga rætur sínar að rekja til samliggjandi þekkingarsviða eða komu fram á tungum sem ekki eru vestræn. Við köllum eftir róttækri breytingu á sjónarhorni innan vinnusögu í krafti þeirrar staðhæfingar að sagan einkennist öðru fremur af fjölbættum vinnutengslum sem liggja saman, tvinnast saman og skarast í tímans rás. Hvorugt módelið — hvorki hinn frjálsi launþegi né karlmaðurinn sem fyrirvinna heimilisins — getur orðið okkur að leiðarljósi og þaðan af síður framleiðsluhættir kapitalismans. Þess í stað ljáum við máls og leggjum áherslu á þvingun (e. *coercion*) og ánaud sem stöðugt afl er umbreyttist á milli heimsvelða, kynjakerfa og sagnfræðilegra tímabíla í því skyni að yfirstíga hinar sígildu andstaður í orðræðu vinnusögunnar (frjáls/ófrjáls, afköst/afkastarýr, kapítalísk/for-kapítalísk) með því að tengja sögur af vinnu og framleiðslu við sögur af ofbeldi, eignarnámi, jöðrun og glæpavæðingu.<sup>3</sup> Í greininni ferum við rök fyrir nálgun sem tekur mið af sögulegu samhengi hverju sinni, virkar með gagnkvæmum hætti og þvert á tímabil; nálgun sem rannsakar margslungið eðli vinnutengsla í ákveðnu, svæðis- og tímabundnu samhengi og skoðar þau jafnframt út frá langtímarsjónarhorni sem býður upp á landfræðilegan samanburð. Ef grunnþættir í vinnu- og félagssögu eru endurhugsaðir færir slikt sjónarhorn okkur annars konar grundvallarsjónarmið innan fræðasviðsins sem jafnframt tengir söguna við aðkallandi málefni í samtímanum. Þetta sjónarmið kallar á ný viðhorf gagnvart málefnum á borð við óvissu (e. *precariousness*), „nútímaþrælahald“, félagslegt ójafnrétti og ósjálfstæði (e. *dependency*).

### *Sterkir straumar í sagnritun endurskilgreina sviðið*

Á síðastliðnum tuttugu árum hafa fjórir straumar í sagnritun leyst úr læðingi mikla möguleika til að draga í efa viðtekin viðmið innan vinnusögu og koma á fót nýju rannsóknarsviði.<sup>4</sup> Þar ber fyrst að nefna þá nýju og gjöfulu innsýn

---

fjallað með almennari hætti um vanda þess að stórsagan sem liggur ekki aðeins sagnfræðinni til grundvallar heldur akademískri hugsun innan hugvísinda yfirleitt skuli byggja á greiningaraðferðum ættuðum frá Evrópu nútímans, sjá *Provincializing Europe. Postcolonial Thought and Historical Difference*, Princeton: Princeton University Press, 2000.

<sup>3</sup> Sjá svipaða röksemdafærslu í Michael Denning, „Wageless Life“, *New Left Review* 66, 2010, bls. 79–97, einkum bls. 81; Nancy Fraser, „Behind Marx’s Hidden Abode. For an Expanded Conception of Capitalism“, *New Left Review* 86, 2014, bls. 55–72.

<sup>4</sup> Mikilvægar rökraður innan sagnritunar hafa átt sér stað samhliða þróun straumanna fjögurra, sér í lagi í kringum málefni „hinnar frjálsu og ófrjálsu vinnu“ og hnattrænnar

sem opnast hefur í rannsóknum á þrælahaldi. Kynslóðum saman hafa sagnfræðingar stíllt þrælahaldi upp sem andstæðu vestrænna hugmynda um frelsi og byggt ályktanir sínar um þrælahald á grunnlíkani sem sótt var til þrælaflutninga frá Afríku til Ameríku.<sup>5</sup> Nýjar rannsóknir hafa aftur á móti sýnt fram á hve samtvinnuð þessi hugtök eru — jafnt hugmyndafræðilega sem vitsmunalega<sup>6</sup> — og leitt í ljós mikilvægi þess að söguvæða „hefðbundnu frásögnina“ með því að beina sjónum að „þrælahaldi í praxis“ jafnvel eftir að því var aflétt (fremur en að skoða þrælahald sem stofnun) og gefa atbeina þrælsins gaum (fremur en að ganga út frá algeru valdaleysi hans).<sup>7</sup>

Um líkt leyti og þessi þróun gerjaðist innan fræðanna fóru rannsóknir á þrælahaldi sem ekki voru á forsendum evrópskrar nýlendustefnu, sérstaklega í Asíu og Afríku, einnig á flug.<sup>8</sup> Þessar svæðisbundnu rannsóknir hafa skilað

---

vinnusögu. Sjá sérstaklega *Free and Unfree Labour. The Debates Continues*, ritstjórar Tom Brass og Marcel van der Linden, Bern: Peter Lang, 1997; Marcel van der Linden, *Workers of the World. Essays toward a Global Labor History*, Leiden og Boston: Brill, 2008.

<sup>5</sup> Jürgen Osterhammel, *Sklaverei und die Zivilisation des Westens*, München: Carl Friedrich von Siemens Stiftung, 2000; Joachim Meissner, Ulrike Mücke og Klaus Weber, *Schwarzes Amerika. Eine Geschichte der Sklaverei*, München: C. H. Beck, 2008.

<sup>6</sup> Susan Buck-Morss, „Hegel and Haiti“, *Critical Inquiry* 26, 4/2000, bls. 821–865.

<sup>7</sup> Um endurskilgreiningu á hugmyndinni um þræla og þrælahald, sjá Joseph C. Miller, *The Problem of Slavery as History. A Global Approach*, New Haven og London: Yale University Press, 2012, hér sérstaklega bls. x. Þessari nálgun er oft með röngu teft gegn eldri og afar áhrifamiklum hugmyndaströum með Orlando Patterson í broddi fylkingar og bók hans *Slavery and Social Death. A Comparative Study*, Cambridge, MA og London: Harvard University Press, 1982. Frekari umfjöllun um þrælahöld (e. *slaveries*) er að finna í Michael Zeuske, *Sklavereien, Emanzipationen und atlantische Weltgeschichte. Essays über Mikrogeschichten, Sklaven, Globalisierungen und Rassismus*, Leipzig: Leipziger Universitätsverlag, 2002. Um nýja vinnu- og þrælasögu séða neðan frá, sjá Sydney Chalhoub, *Visões da liberdade: uma história das últimas décadas da escravidão na Corte*, São Paulo: Companhia das Letras, 1998; Peter Linebaugh og Marcus Rediker, *The Many-Headed Hydra. Sailors, Slaves, Commoners, and the Hidden History of the Revolutionary Atlantic*, London: Beacon Press, 2000; Elciene Azevedo, *O direito dos escravos*, Campinas: Editora da Unicamp, 2010.

<sup>8</sup> *L'Esclavage en Afrique Précoloniale*, ritstjóri Claude Meillassoux, París: Maspéro, 1975; *Slavery in Africa. Historical and Anthropological Perspectives*, ritstjórar Suzanne Miers og Igor Kopytoff, Madison: University of Wisconsin Press, 1977; Frederick Cooper, „The Problem of Slavery in African Studies“, *Journal of American History*, 1979, bls. 103–135; Ehud R. Toledano, *Slavery and Abolition in the Ottoman Middle East*, Seattle og London: University of Washington Press, 1998; William Gervase Clarence-Smith, *Islam and the Abolition of Slavery*, London: Hurst, 2003; *The Structure of Slavery in Indian Ocean Africa and Asia*, ritstjóri Gwyn Campbell, London: Routledge, 2004; Michael Mann, *Sahibs, Sklaven und Soldaten. Geschichte des Menschenhandels rund um den Indischen Ozean*, Darmstadt and Mainz: Philipp von Zabern, 2012; Karin Hofmeester, Jan Lucassen og Filipa Ribeiro da Silva, „No Global Labor History Without Africa. Reciprocal Comparison and Beyond“, *History in Africa*

umfangsmiklu magni heimilda um staðbundin mál og samfélög sem enn er litið fram hjá í fræðilegum rökræðum um þrælahlald á heimsvísu enda þótt slíkt utanaðkomandi sjónarhorn verði æ þýðingarmeira til að auka meðvitund um hve ólíka merkingu það getur haft að vera þræll.<sup>9</sup> Um líkt leyti gekk sagnritun um þrælahlald í Evrópu í endurnýjun lífdaga — fyrst í rannsóknum á þrælahlaldi í praxis við Miðjarðarhaf<sup>10</sup> og einnig þegar fræðimenn tóku að skoða Vestur-Evrópu fyrir, á meðan og eftir að þrælaflutningar yfir Atlantshafið höfðu átt sér stað — en þessar rannsóknir hafa með beinum hætti grafið undan sjálfsmynd Evrópu sem vöggu nútímans, frumkvöðuls á sviði mannréttinda og lýðræðis.<sup>11</sup>

---

41, 2014, bls. 249–276; *Eurasian Slavery, Ransom and Abolition in World History. 1200–1860*, ritstjóri Christoph Witzernath, Farnham: Ashgate, 2015; Behnaz A. Mirzai, *A History of Slavery and Emancipation in Iran, 1800–1929*, Austin: University of Texas Press, 2017; Jeff Eden, *Slavery and Empire in Central Asia*, New York: Cambridge University Press, 2018.

<sup>9</sup> Dæmi um fræðimennsku sem þekkir til sagnritunar utan hins vestræna fræðaheims og gerir tilraun til að tengja slíkar svæðisbundnar rannsóknir og tungumál við fræðilegar umræður innan sagnfræðinnar í hinum enskumælandi fræðaheimi er að finna í Claude Chevalyere, „Acting As Master and Bondservant. Considerations on Status, Identities and the Nature of ‚Bond-Servitude‘ in Late Ming China“, *Labour, Coercion, and Economic Growth in Eurasia, 17<sup>th</sup>–20<sup>th</sup> Centuries*, ritstjóri Alessandro Stanziani, Leiden og Boston: Brill, 2012, bls. 237–272; Benedetta Rossi, *Reconfiguring Slavery. West African Trajectories*, Liverpool University Press: Liverpool, 2009.

<sup>10</sup> Aurelia Martín-Casares, *La esclavitud en Granada en el siglo XVI*. Género, raza y religion, Granada: Universidad de Granada, 2000; Maximiliano Barrio Gozalo, *Esclavos y cautivos. Conflicto entre la cristianidad y el islam en el siglo XVIII*, Valladolid: Servicio de Publicaciones de la Junta de Castilla y León, 2006; Youval Rotman, *Byzantine Slavery and the Mediterranean World*, Cambridge, MA: Harvard University Press, 2009; Madeline C. Zilfi, *Women and Slavery in the Late Ottoman Empire. The Design of Difference*, New York: Cambridge University Press, 2010; ritstjóri Fabienne P. Guillén og Salah Trabelsi, *Les esclaves en Méditerranée. Espaces et dynamiques économiques*, Madrid: Casa de Velázquez, 2012; Arturo Morgado García, *Una metrópoli esclavista. El Cádiz de la modernidad*, Granada: Universidad de Granada; *Mediterranean Slavery Revisited (500–1800)*, ritstjórar Stefan Hanß og Juliane Schiel, Zürich: Chronos, 2014; Salvatore Bono, *Schiavi. Una storia mediterranea (XVI-XIX secolo)*, Bologna: Il Mulino, 2016; Giulia Bonazza, *Abolitionism and the Persistence of Slavery in Italian States, 1750–1850*, London: Palgrave Macmillan Cham, 2018.

<sup>11</sup> Klaus Weber, *Deutsche Kaufleute im Atlantikhandel 1680–1830: Unternehmen und Familien in Hamburg, Cádiz und Bordeaux*, München: C. H. Beck, 2004; *La Suisse et l’esclavage des Noirs*, ritstjórar Thomas David, Bouda Etemad og Janick Marina Schaufelbuehl, Editions Antipodes, 2005; *Black Africans in Renaissance Europe*, Thomas F. Earle og Kate J. P. Lowe, Cambridge: Cambridge University Press, 2005; „Europas Sklaven“, ritstjórar Doris Bulach og Juliane Schiel, *WerkstattGeschichte* 66–67, Essen: Geschichtswerkstatt, 2015; *Slavery Hinterland. Transatlantic Slavery and Continental Europe, 1680–1850*, ritstjórar Felix Brahm og Eve Rosenhaft, Woodbridge: The Boydell Press, 2016; Rebekka von Mallinckrodt, „Verhandelte (Un-)Freiheit. Sklaverei, Leibeigenschaft und innereuropäischer Wissenstransfer am Ausgang des 18. Jahrhunderts“, *Geschichte und Gesellschaft* 43, 2017, bls. 347–380.

Í öðru lagi gerðist það samhliða þróun rannsókna á þrælahaldi að önnur tegund fræðimennsku ruddi sér til rúms með áherslu á sögulegt hlutverk annars konar vinnutengsla sem skoða þarf handan evrópskrar tvíhyggju um þrælahald og frjálsa launavinnu. Ef ánauð og þvingun eru skoðuð í öllum sínum ólíku birtingarmyndum (þrælahald, ánauð, skuldaþrælkun, fangavinna og svo framvegis) í samhengi við Evrópu og nýlendustefnu koma í ljós sameiginlegir snertifletir á milli þessara ólíku hópa verkafólks án þess að slíkt hindri ítarlegri rannsókn á sérkennum hvers hóps fyrir sig, en með þessari nálgun hefur verið sýnt fram á að samþætt hlutverk margs konar vinnuánaauðar hefur haft mótandi áhrif á heiminn í dag.<sup>12</sup> Aðrir rannsækendur hafa dregið fram mikilvægi tilekinna gerða vinnuánaauðar á ólíkum sögulegum tímabilum; til dæmis þátt kvaðavinnu í byggðum frumbyggja (til dæmis *mita* kerfið í Andesfjöllum) eða hráefnis- og textílvinnu sem gegndi veigamiklu hlutverki í fyrstu bylgju hnattvæðingar.<sup>13</sup> Með líkum hætti hafa nýlegar rannsóknir lagt áherslu á langtímaáhrif fangavinnu og fangaflutninga — frá Rómarveldi til dagsins í dag — á fyrirbæri eins og nýlenduvæðingu, þjóðerniseinkenni, kynþáttahyggju og jafnframt stefnumótun í reglusetningu.<sup>14</sup> Aðrir fræðimenn hafa enn fremur lagt áherslu á hlutverk indverskra og kínverskra verkamanna í skuldaþrælkun (svokallaðra „kúlí“ verkamanna) frá síðmiðöldum og langt inn í tuttugustu öldina.<sup>15</sup> Vinna þeirra hefur

<sup>12</sup> Michael L. Bush, *Servitude in Modern Times*, Cambridge: Cambridge University Press, 2000; Markus Cerman, „Serfdom‘ and Slavery in European History since the Middle Ages. Identifying Common Aspects for Future Research — Contribution to the Final Round Table“, *Schiavitù e servaggio nell'economia europea, secc. XI–XVIII/Serfdom and Slavery in the European Economy, 11th–18th Centuries*, ritstjóri Simonetta Cavaciocchi, tvö bindi, Flórens: Firenze University Press, 2014, bls. 665–676.

<sup>13</sup> Jeffrey A. Cole, *The Potosi Mita, 1573–1700. Compulsory Indian Labor in the Andes*, Stanford: Stanford University Press, 1985; Matthew Smith, „Laboring to Choose, Choosing to Labor. Coercion and Choice in the Potosi Mita“, *Past Imperfect* 10, 2004, bls. 21–44. Athygli er einnig vakin á nýlegum rannsóknum þar sem lögð er áhersla á atbeina frumbyggjasamfélaga í baráttu sinni undan oki vinnuánaauðar, sjá Nancy E. van Deusen, *Global Indios. The Indigenous Struggle for Justice in Sixteenth-Century Spain*, Durham: Duke University Press, 2015; Rossana Barragan, „¿Ladrones, pequeños empresarios o trabajadores independientes? K‘ajchas, trapiches y plata en el cerro de Potosí en el siglo XVIII“, *Nuevos Mundos / Mundos Nuevos*, 2015, sótt 1. október, 2023 af <https://journals.openedition.org/nuevomundo/67938>.

<sup>14</sup> *Global Convict Labour*, ritstjórar Christian G. De Vito og Alex Lichtenstein, Leiden og Boston: Brill, 2015; *A Global History of Convicts and Penal Colonies*, ritstjóri Clare Anderson, London og New York: Bloomsbury Publishing, 2018.

<sup>15</sup> Hugh Thinker, *A New System of Slavery. The Export of Indian Labour Overseas, 1830–1920*, London: Oxford University Press, 1974; Gopalan Balachandran, „Making Coolies, (Un) making Workers. ‚Globalizing‘ Labour in the Late 19th and Early 20th Centuries“, *Journal of Historical Sociology* 24, 3/2011, bls. 266–296; Rana Behal, *One Hundred Year of*

einmitt orðið að mikilvægum útgangspunkti sem leiðir inn í stærra samtal um ótryggt frelsi skuld- og sammingsbundins fólks; ekki síst flækjurnar sem skuldsetning getur haft í för með sér þegar hún er notuð sem tæki til að ýta undir ósjálfstæði verkafólks en slíkt má heimfæra upp á kostunarkerfi nútímans.<sup>16</sup> Aðrar rannsóknir sem stundaðar eru um þessar mundir taka einnig til athugunar sammingsbundna þvingun af svipuðum meiði en slíkt er gagnlegt til að glöggva sig á stöðu aðkeypts verkafólks út um allan heim í rás sögunnar.<sup>17</sup>

Kynjasagnfræðingar hafa leitt þriðju stefnuna og lagt umtalsvert að mörkum til endurskoðunar á sögulegu- og hugmyndafræðilegu hlutverki hins frjálsa launþega. Undir áhrifum nýstofnanahyggu hafa þeir fært rök fyrir því að heimilið sé víðtækari rannsóknareining en einstaklingurinn; það sé hinn margþætti heimur heimilishaldsins og vinna fyrir frumþörfum sem geri hina vöruvæddu vinnu annarra á heimilinu mögulega.<sup>18</sup> Þessir fræðimenn hafa storkað stöðluðum kynjaímyndum og tölfræðilegri tvenndarhugsun innan vinnusögu með því að vísa til mótandi arfleifðar frumkvöðla í vinnumarkaðsfræðum á borð við Adam Smith, David Ricardo, Karl Marx og Friedrich Engels — hugsuða sem greindu á milli arðbærrar og óarðbærrar vinnu og tengdu vinnu við virði og peninga.<sup>19</sup>

---

*Servitude. Political Economy of Tea Plantations in Colonial Assam*, New Delhi: Tuliko Books, 2014; Issiaka Mandé, *Le travail colonial. Engagés et autres mains-d'oeuvre migrantes dans les empires 1850–1950*, ritstjórar Eric Guerassimoff og Issiaka Mandé, París: Riveneuve éditions, 2015; Nitin Varma, *Coolies of Capitalism: Assam Tea and the Making of Coolie Labour*, Berlín og Boston: De Gruyter, 2017.

<sup>16</sup> *Bonded Labour, Global and Comparative Perspectives (18th–21st Century)*, ritstjórar Sabine Damir-Geilsdorf, Ulrike Lindner, Gesine Müller, Oliver Tappe og Michael Zeuske, Bielefeld: Transcript, 2016. Sjá einnig Alessandro Stanziani, *Bondage. Labor and Rights in Eurasia from the Sixteenth to the Early Twentieth Centuries*, New York og Oxford: Berghahn, 2014; Alessandro Stanziani, *Labor on the Fringes of Empire: Voice, Exit and the Law*, London: Palgrave Macmillan, 2018.

<sup>17</sup> Michael Snodgrass, „Patronage and Progress. The Bracero Program from the Perspective of Mexico“, *Workers Across the Americas. The Transnational Turn in Labor History*, ritstjóri Leon Fink, Oxford: Oxford University Press, 2011, bls. 245–266; Luis Plascencia, „State-Sanctioned Coercion and Agricultural Contract Labor. Jamaican and Mexican Workers in Canada and the United States, 1909–2014“, *On Coerced Labor. Work and Compulsion after Chattel Slavery*, ritstjórar Marcel van der Linden og Magaly Rodríguez García, Leiden og Boston: Brill, 2016, bls. 225–266.

<sup>18</sup> *Of Marriage and the Market. Women's Subordination in International Perspective*, ritstjórar Kate Young, Carol Wolkowitz og Roslyn McCullagh, London: CSE Books, 1981; *Creating and Transforming the Households. The Constraints of the World-Economy*, ritstjórar Joan Smith og Immanuel Wallerstein, Cambridge: Cambridge University Press, 1992; Nancy Folbre, *Who Pays for the Kids? Gender and the Structure of Constraint*, London: Routledge, 1994; Nancy Folbre, *The Invisible Heart. Economics and Family Values*, York: The New Press, 2001.

<sup>19</sup> *Engels Revisited. New Feminist Essays*, ritstjórar Janet Sayers, Mary Evans og Nanneke Redclift, London: Tavistock Publications, 1982.



Þessi „smættun... á því sem vinna felur í sér“ hefur, að þeirra mati, „smám samman orðið til þess að fræðileg ‚gengisfelling‘ á vinnuhugtakinu hefur átt sér stað“ og þar með á heimilis- og umönnunarstörfum.<sup>20</sup>

Í *longue durée* samhengi gerir þessi innsýn okkur kleift að setja spurningamerki við módel sem byggja á því að karlmaðurinn sé fyrirvinnan og leggja þess í stað áherslu á mikilvægi tveggja-sem-fyrirvinnu í aldanna rás.<sup>21</sup> Nýlegar, empírískar rannsóknir hafa fjallað um orðræður nýaldar gegn iðjuleysi og flökkulífi, þátt tölfræðilíkana nútímaríkisins í sköpun atvinnuleysis sem félagslegs fyrirbæris, launuð og ólaunuð umönnunar- og heimilisstörf (sem annað hvort fjölskyldu-meðlimir eða launuð húshjálpar innir af hendi), iðnaðarstörf unnin heima við og nú síðast ólaunaða vinnu kvenna og barna á markaði.<sup>22</sup> Að samanlögðu hefur fræðimennska af þessum toga þanið út hugmyndir okkar um vinnu, fært þær út fyrir hefðbundna skilgreiningu um launavinnu og sett spurningamerki við hugmyndafræðilega tvenndarhugsun innan vinnusögu á borð við virkan eða óvirkan íbúafjölda og (launaða) vinnu eða (ólaunaða) vinnuleysu.

Fjórði hugmyndastraumurinn barst með fræðimönnum á sviði félagsögu og hagsögu sem rannsaka samfélög sem eru eldri en Vesturlönd nútímans og hafa komið af stað útvíkkun og endurmati á tímaási vinnusögunnar í heild sinni. Empírískar rannsóknir þessara fræðimanna hafa sannarlega verið leiðandi í þeirri viðleitni að þoka í burtu hugmyndum sem áður voru ríkjandi í sambandi

<sup>20</sup> Vitnað í *What is Work? Gender at the Crossroads of Home, Family, and Business from the Early Modern Era to the Present*, ritstjórar Raffaella Sarti, Anna Bellavitis og Manuela Martini, New York: Berghahn Books, 2018, bls. 15–18. Sjá einnig Belinda Bozzoli, „Marxism, Feminism and South African Studies“, *Journal of Southern African Studies* 9, 2/1983, bls. 139–171; Henrietta L. Moore, *Feminism and Anthropology*, Cambridge: Polity Press, 1988; Silvia Federici, *Caliban and the Witch. Women, the Body and Primitive Accumulation*, önnur og endurbætt útgáfa, Brooklyn: Autonomedia, 2014.

<sup>21</sup> Heide Wunder, „*Er ist die Sonn', sie ist der Mond*“, *Frauen in der Frühen Neuzeit*, München: Beck, 1992, bls. 106; *Making a Living, Making a Difference. Gender and Work in Early Modern European Society*, ritstjóri Maria Ågren, New York: Oxford University Press, 2017, bls. 216.

<sup>22</sup> Metin Kunt, „Royal and Other Households“, *The Ottoman World*, ritstjóri Christine Woodhead, London: Routledge, 2012, bls. 103–115; Jane Hathaway, *The Politics of Households in Ottoman Egypt. The Rise of the Qazdaglis*, Cambridge: Cambridge University Press, 2010; Yossef Rapoport, „Divorce and the Elite Household in Late Medieval Cairo“, *Continuity and Change* 16, 2/2001, bls. 201–218; *Colonization and Domestic Service. Historical and Contemporary Perspectives*, ritstjórar Victoria K. Haskins og Claire Lowrie, Abingdon: Routledge, 2015; *Servants in Rural Europe 1400–1900*, ritstjóri Jane Whittle, Woodbridge: Boydell Press, 2017; Nancy Folbre, *Valuing Children. Rethinking the Economics of the Family*, Cambridge, MA: Harvard University Press, 2008. Sjá einnig verkefni styrkt af Evrópska rannsóknarráðinu sem heitir „Domestic Servants in Colonial South Asia“ (2015–2018), sótt 1. október, 2023 af [https://servantspasts.wordpress.com/..](https://servantspasts.wordpress.com/)

við tímaás vinnutengsla og framleiðsluhátta. Þannig hafa nýjar rannsóknir á samfélögum fornaldar, frá tímum Assyríumanna til Rómaveldis, gengið þvert á ríkjandi hugmyndir sem byggðu á kenningum Moses I. Finleys og boðuðu að vinna til forna hafi einkum verið skylda; nýjar rannsóknir hafa aftur á móti lagt áherslu á þátt þeirra sem ráðnir voru í (launa)vinnu á markaði (sem var takmarkaður og háskalegur) þar sem einnig störfuðu þrælur, sakamenn og menn í skuldbundinni vinnu.<sup>23</sup> Einnig er það svo, að fræðimenn sem rannsaka vinnu í miðaldasamfélögum hafa ekki aðeins rekist á ummerki um verkaskiptingu á milli (að hluta til) lénskipulags til sveita og (að hluta til) frumiðnaðs í þéttbýli<sup>24</sup> heldur hafa þeir einnig sýnt fram á að lénsfyrirkomulagið í Evrópu var hlutfallslega umsvifaminna á miðöldum en áður var talið og að allverulegur breytileiki fyrirfannst innan lénskipulagsins, meira að segja í Vestur-Evrópu.<sup>25</sup> Enn fremur hafa ítarleg skrif um vinnu til sveita í Mið- og Austur-Evrópu — flest öll á tungum sem ekki eru vestrænar — reynst mikilvæg í því skyni að vinda ofan af þætti vestræns nútíma, en þessar rannsóknir eru enn að mestu hunsaðar á helsta umræðuvettvangi fræðanna.<sup>26</sup>

<sup>23</sup> Moses I. Finley, *Ancient Slavery and Modern Ideology*, London: Chatto and Windus, 1980. Nýjar rannsóknir sem gagnrýna kenningu Finleys: Michael Jursa, *Aspects of the Economic History of Babylonia in the First Millennium BC*, Münster: Ugarit Verlag, 2010; Peter Temin, *The Roman Market Economy*, Princeton og Oxford: Princeton University Press, 2013; Arjan Zuiderhoek, „Workers of the Ancient World. Analysing Labour in Classical Antiquity“, *Workers of the World* 1, 3/2013, bls. 32–48; Miko Flohr, *The World of the Fullo. Work, Economy and Society in Roman Italy*, Oxford: Oxford University Press, 2013; *Labor in the Ancient World*, ritstjórar Piotr Steinkeller og Michael Hudson, Dresden: ISLET, 2015; *Work, Labour, and Professions in the Roman World*, ritstjórar Koenraad Verboden og Christian Laes, Leiden og Boston: Brill, 2017; *Journal of Global Slavery* 3, 1-2/2018, sérhefti: „Slavery from Babylon to Rome“.

<sup>24</sup> Jacques Heers, *La naissance du capitalisme au moyen âge. Changeurs, usuriers et grands financiers* (Paris: Tempus/perrin, 2012; Matthieu Arnoux, *Le temps des laboureurs. Travail, ordre social et croissance en Europe (XIe–XIVe siècle)*, Paris: Albin Michel, 2012; *Rémunérer le travail au Moyen Âge*, ritstjórar Patrice Beck, Philippe Bernardi og Laurent Feller, Paris: Editions Picard, 2014.

<sup>25</sup> Robert Fossier, *Enfance de l'Europe. Xe–XIIIe siècles, aspects économiques et sociaux*, tvö bindi, Paris, 1982; Susan Reynolds, *Fiefs and Vassals. The Medieval Evidence Reinterpreted*, Oxford og New York: Oxford University Press, 1994; Ludolf Kuchenbuch, „Feudalismus. Versuch über die Gebrauchsstrategien eines wissenschaftlichen Reizworts“, *Die Gegenwart des Feudalismus/Présence du féodalisme et présent de la féodalité/The Presence of Feudalism*, ritstjórar Natalie Fryde, Pierre Monnet og Otto G. Oexle, Göttingen: Vandenhoeck & Ruprecht GmbH & Co., 2002, bls. 293–323; Pierre Bonnassie, *Les sociétés de l'an mil. Un monde entre deux âges*, Bruxelles: De Boeck Université, 2000; Chris Wickham, *The Inheritance of Rome. A History of Europe from 400 to 1000*, London: Allen Lane, 2010; Alain Guerreau og Ludolf Kuchenbuch, *Marx und der Feudalismus*, Berlin: Philosophische Gespräche, 2012, tvö bindi.

<sup>26</sup> Markus Cerman, *Villagers and Lords in Eastern Europe. 1300–1800*, Basingstoke: Palgrave Macmillan, 2012; Aleksander Panjek, „Integrated Peasant Economy in Early Modern

Útvíkkað sjónarhorn sem einnig tekur til Mógúl-, Býzan- og Ottómanveldanna hefur gert það mögulegt að skilgreina lénsskipulag í Vestur-Evrópu sem samfélagsgerð af ákveðnum toga sem skoða þurfi í samhengi við víðtækari framleiðsluhætti sem byggja á kvaðavinnu.<sup>27</sup> Jafnframt hafa fræðimenn gengið skrefinu lengra með því að stækka svæðið — hafa ekki aðeins Evrópu til hliðsjónar heldur allt svæðið sem áður tilheyrði Rómarveldi, Arabaheimi eða Býsansríki — og með þeim hætti greint mikilvægi þræla í einka- og rikiseigu í aldanna rás, í ólíkum geirum atvinnulífsins: frá landbúnaði til námugraftrar og frá heimilisstörfum til framleiðslu.<sup>28</sup>

Það er hafið yfir allan vafa að ný vinnusaga er að verða til á krossgötum þessara fjögurra strauma. Með því að viðurkenna útvíkkunina sem orðið hefur á tímaramma en einnig á landfræðilegum og þematískum þáttum innan sviðsins hefur þessari nýju sögu tekist að setja spurningamerki við og endurhugsa grundvallaratriði vinnusögu, allt frá hinum frjálsa launþega og hugmyndinni um verkalyðsstétt til módelins af karlmanninum sem fyrirvinnu heimilisins og tímaás vinnutengsla. Það sem upp á vantar er aftur á móti tvennt: Ef ætlunin er að vinda ofan af vestrænum nútíma fyrir alvöru og hnattvæða greiningu okkar á vinnusögu þurfum við í fyrsta lagi að ná nýju jafnvægi í sagnritun með því að skapa vísindaleg tengslanet sem gera okkur fært að stofnanavæða (og fjármagna) gagnvirka uppfræðslu á milli ráðandi vestrænnar sagnritunar sem birt er í Vestur-Evrópu annars vegar og hins vegar tengdra fræðasviða og sagnritunar sem ekki

---

Slovenia. The Institutional Framework and the Concept“, *Des manufactures aux fabriques. les transformations industrielles, XVIIIe–XXe siècles*, ritstjórar Reto Furter, Anne-Lise Head-König og Luigi Lorenzetti, Zürich: Chronos Verlag, 2015, bls. 187–207 og 226–227.

<sup>27</sup> Samir Amin, *Unequal Development. An Essay on the Social Formations of Peripheral Capitalism*, New York: Monthly Review Press, 1976; Chris Wickham, „The Uniqueness of the East“, *The Journal of Peasant Studies* 12, 2–3/1985, bls. 166–196; John Haldon, *The State and the Tributary Mode of Production*, London: Verso, 1993; Jairus Banaji, *Theory as History*, bls. 15–40. Þessir höfundar hafa reynt að yfirvinna smánina sem fylgir hefðbundnum hugmyndum um „asiatíska“ framleiðsluhætti með því að beina sjónum að framleiðsluháttum sem byggja á skuldbundinni vinnu.

<sup>28</sup> Janet L. Abu-Lughod, *Before European Hegemony. The World System A.D. 1250–1350*, Oxford: Oxford University Press, 1989; Maya Shatzmiller, *Labour in the Medieval Islamic World*, Leiden, New York og Köln: Brill, 1994; Michael McCormick, *Origins of the European Economy. Communications and Commerce AD 300–900*, Cambridge: Cambridge University Press, 2001, bls. 244–254 og 759–777; Youval Rotman, *Byzantine Slavery*; Chris Wickham, „The Other Transition. From the Ancient World to Feudalism“, *Past & Present* 103, 1984, bls. 3–36; Chris Wickham, „Tributary Empires. Late Rome and the Arab Caliphate“, *Tributary Empires in Global History*, ritstjórar Peter Fibiger Bang og C. A. Bayly, London: Palgrave Macmillan, 2011, bls. 205–213; Christophe Picard, *La mer des califes. Une histoire de la Méditerranée musulmane (VIIe–XIIIe siècle)*, Paris: Seuil, 2015.

er vestræn og sem hefur þess vegna ekki fengið aðgang að hugmyndafræðilegum rökræðum innan vinnu- og félags sögu hingað til. Í öðru lagi verðum við að þróa greiningar- og aðferðafræðiramma sem gerir okkur unnt að komast upp úr því hugmyndafræðilega fari sem mótar hugvísindi á Vesturlöndum í nútímanum og búa í haginn fyrir langtímasjónarmið sem hægt er að styðjast við til tengsla og samanburðar á ólíkum menningarheimum; ramma sem gerir það mögulegt að meðtaka hve flókin samfélögin eru, tengja einstæð svæði og reynslu manna ásamt því að draga ályktanir af empírískum niðurstöðum án þess að nota Evrópu sem „fræðilegt viðfang“ allrar sögu. Fyrri atriðið krefst nýrrar tegundar þverfaglegs samstarfs og stuðnings frá stofnunum á alþjóðavísu en ætlun okkar er aftur á móti að leggja okkar að mörkum í þróun á nýjum greiningar- og aðferðafræðiramma í þeim hluta greinarinnar sem hér fylgir á eftir.

### *Að finna nýjan farveg*

Fyrsta skrefið felst í því að hugleiða hlutverk hugtaksins „framleiðsluhættir“ og finna umræðunni nýjan farveg. Samkvæmt tímalínu hefðbundinnar, marxískrar söguskoðunar er greinamunur gerður á þrenns konar framleiðsluháttum og þeir flokkaðir í tímaröð (til forna, í lénskipulagi og á kapitalískum tímum) en hver og einn framleiðsluháttur tengist ákveðnum, ráðandi vinnutengslum (þrælahaldi, ánauð og launavinnu) sem auðstétirnar færa sér í nyt til að eignast ábata.<sup>29</sup> Félagssagnfræðingar hafa aftur á móti sett spurningarmerki við þessa túlkun og jafnan lagst gegn því að kerfisbundnum breytingum (það er breytingum á framleiðsluháttum) sé blandað saman við tengslabreytingar (það er breytingar á vinnutengslum).<sup>30</sup> Að þeirra mati hefur efnahagsleg nálgun tilhneigingu til að leggja ofuráherslu á framleiðslu og gera lítið úr öðrum þáttum á borð við (endur) dreifingu, vöruskipti og neyslu. Rannsaka þarf framleiðsluhætti í tengslum við eignarnám og (ólögmæta) eignarupptöku; stofnað er til vinnutengsla og þeim

<sup>29</sup> Skýrt dæmi um þetta (marxíska) sundurgreinandi sjónarhorn er að finna í Geoffrey E. M. de Ste. Croix, *The Class Struggle in the Ancient Greek World*, London: Duckworth, 1981, bls. 133. Louis Althusser benti á að tvö andstæð sjónarmið kæmu fram í skrifum Marx. Samkvæmt öðru þeirra er framleiðsluháttum skipað í samfellda línu á meðan hitt sjónarmiðið gerir ráð fyrir því að mótunarferli framleiðsluháttanna sé samhlíða, fullt af óvissu og opið í báða enda. Síðar á ferlinum þróaði Althusser síðarnefnda sjónarmiðið enn frekar undir formerkjum „heimspeki árekstrarins“ sem svipar um margt til okkar nálgunar. Sjá Louis Althusser, „The Underground Current of the Materialism of the Encounter“, *Philosophy of the Encounter. Later Writings, 1978-1987*, ritstjórar François Matheron og Oliver Corpet, London og New York: Verso, 2006, bls. 162–207 (einkum bls. 196–202).

<sup>30</sup> Jairus Banaji, *Theory as History*. Sjá einnig William Gervase Clarence-Smith, „Thou Shalt Not Articulate Modes of Production“, *Canadian Journal of African Studies/Revue Canadienne des Études Africaines* 19, 1/1985, bls. 19–22.

viðhaldið eða að þau umbreytast í krafti hindrana sem ýmist eru efnahagslegs eðlis eður ei.<sup>31</sup> Drifkraftur tiltekinna breytinga getur að sama skapi komið innan eða utan frá.<sup>32</sup> Félagssagnfræðingar hafa þess vegna kallað eftir rannsóknum á kerfi áþreifanlegra pólitískra, efnahagslegra og hugmyndafræðilegra tengsla (samfélagsgerða) þar sem tveir eða fleiri framleiðsluhættir eru til staðar samhliða.<sup>33</sup>

Þær lífflegu fræðilegu rökræður og empírísku rannsóknir sem lögð var áhersla á hér að framan renna stoðum undir röksemdir þessar og eiga það sammerkt að ganga út frá því að (1) blanda af marghátta vinnutengslum sem flokkaðar eru eftir ólíkum geirum og staðsettar í sínu sögulega samhengi hafi í gegnum tíðina þrífist samhliða og (2) að breytingar á vinnutengslum þurfi að skoða sem ólínulaga hvörf innan klasa sem inniheldur fjölpætt vinnutensl. Á grundvelli þessarar niðurstöðu er rétt að kalla eftir nýrri nálgun: í stað þess að einblína eingöngu á framleiðsluhætti og vinnutensl leggjum við til að rannsakaðir séu ólíkir merkingarhættir yfirráða og ósjálfstæðis (e. *modalities of domination and dependence*) sem gera ráð fyrir ígrundaðri hugmynd um samfélagsgerð í tíma og rúmi.<sup>34</sup> Brýnt er að tengja sögu vinnu og framleiðslu við frásagnir af eignarnámi, ofbeldi og þvingun<sup>35</sup> og tengja niðurstöður „nýrrar vinnusögu“ við almennari málefni félagsögunnar. Í þessum tilgangi er stuðst við samfélagsgerð sem víðara hugtak,

<sup>31</sup> *Feudalismus. Materialien zur Theorie und Geschichte*, ritstjórar Ludolf Kuchenbuch og Bernd Michael, Berlín: Ulstein Verlag, 1977; nýlegra dæmi er að finna í Heide Gerstenberger, *Die subjektlose Gewalt. Theorie der Entstehung bürgerlicher Staatsgewalt*, Münster: Westfälisches Dampfboot, 1990; Heide Gerstenberger, *Markt und Gewalt. Die Funktionsweise des historischen Kapitalismus*, Münster: Westfälisches Dampfboot, 2017.

<sup>32</sup> Þetta málefni var í brennidepli Dobb-Sweezy deilunnar, einnig nefnd deilan um hvörfin (e. *the transition debate*) og síðar í Brenner-deilunni: *The Transition from Feudalism to Capitalism*, ritstjóri Rodney Hilton, London: New Left Books, 1976; *The Brenner Debate. Agrarian Class Structure and Economic Development in Pre-industrial Europe*, ritstjórar Trevor Henry Ashton og C. H. E. Philpin, Cambridge: Cambridge University Press, 1985.

<sup>33</sup> Louis Althusser kynnti hugtakið „samfélagsgerð“ (fr. *formation sociale*) til sögunnar í ritgerð sinni í *Lire Le Capital*, ritstjórar Louis Althusser, Étienne Balibar, Roger Establet, Pierre Macherey og Jacques Rancière, París: François Maspéro, 1965. Um skylda umræðu í tengslum við smærri vöruframleiðslu, sjá sérheftið „Un réexamen de la petite production marchande/Rethinking Petty Commodity Production“, *Labour, Capital and Society/Travail, capital et société* 19, 1/1986.

<sup>34</sup> Hugtakið er fengið að láni hjá Marc Flandreau sem talar um „vitræna merkingarhætti“ og síðar um „merkingarhátt kauphallarinnar“ til að sýna fram á arðrán á vettvangi hnatt-rænna fjármála á 19. öld og fæðingar félagsvísindanna, sjá Marc Flandreau, *Anthropologists in the Stock Exchange. A Financial History of Victorian Science*, Chicago: University of Chicago Press, 2016.

<sup>35</sup> Sjá gagnrýni á þrengri hring marxista um þetta efni, til dæmis Michael Denning, *Wageless Life*, einkum bls. 81 og Nancy Fraser, *Behind Marx's Hidden Abode*.

hugtak sem felur í sér öll samfélög og pólitískan félagsskap sem þrífist hafa, einnig áður en nútíma(þjóð)ríkið varð til og eftir að það mun líða undir lok.

Á þrengra sviði vinnusögunnar gæti umræða um merkingarhátt yfirráða og ósjálfstæðis (í stað framleiðsluhátta) auðveldað okkur að leita annars konar leiða til að lýsa framleiðsluferlum og skilja þá. Sérlega nytsamlegt í þessu samhengi er að greina á milli samfélagsgerða sem miða að notagildi og þeirra sem miða að skiptigildi og rannsaka síðan þær birtingarmyndir sem þessar samfélagsgerðir hafa tekið á sig í tímans rás og á breiðari grundvelli menningarlegra, félagslegra og efnahagslegra þátta.<sup>36</sup> Á þennan hátt er hægt að skoða ólíka framleiðsluhætti sem grundvallast á nota- og skiptigildi samhliða — þeir geta verið í mótsögn og stutt hver annan — hnattrænt, innan sömu svæða, jafnvel á einum og sama vettvanginum.<sup>37</sup> Hlutverk sérhverrar tegundar vinnutengsla — hvort sem samfélagsgerðin er drifin áfram af nota- eða skiptigildi — krefur okkur svo sannarlega til að skoða hvort sögulegar kringumstæður einstakra vinnutengsla og samsetninga sem af þeim hljótast séu eða séu ekki hluti af vöruvæðingar- og uppsöfnunarferlinu. Með þeim hætti er okkur unnt að spyrja hvenær breytingar á klösum vinnutengsla boða víðtækari kerfislegar breytingar (það er frá notagildi til skiptigildis eða öfugt) og hvenær breytingar á vinnutengslum eiga sér stað innan sama merkingarháttarins. Enn fremur ættum við að gangast við því miðlæga hlutverki sem vinnutengsl leika í sambræðingi nota- og skiptigildiskerfa, eins og þegar sjálfsþurftarbúskapur ákveðinna einstaklinga styður við launaða vinnu annarra einstaklinga sem eru á sama vettvangi eða sama stofnunarlega samhenginu ellagar þegar einn og sami verkamaðurinn er í senn að starfa fyrir samfélagsgerð sem reidir sig á nota- og skiptigildi.

Í almennara samhengi fela rannsóknir á merkingarháttum yfirráða og ósjálfstæðis í sér að rannsóknarsvið klassískrar vinnusögu vikkar út, teygir sig handan greiningar á vinnutengslum og spannar jafnframt önnur sjónarhorn sem leiða í ljós tilkomu ákveðins merkingarháttar, til dæmis eignarréttar, peningavæðingar, verslunar, stofnana, skattlagningar, laga, tækni, menningar eða stjórnmála.<sup>38</sup>

<sup>36</sup> Sjá svipuð rök í Andrea Komlosy, „Work and Labor Relations“, *Capitalism. The Reemergence of a Historical Concept*, ritstjórar Jürgen Kocka og Marcel van der Linden, London: Bloomsbury, 2016, bls. 33–69. Um eldri rökræður varðandi það sem lengi var kallað „frum-iðnvæðing“ (e. *proto-industrialization*) sjá Peter Kriedte, Hans Medick og Jürgen Schlumbohm, „Proto-Industrialization Revisited. Democracy, Social Structure, and Modern Domestic Industry“, *Continuity and Change* 8, 2/1993, bls. 217–252.

<sup>37</sup> Jairus Banaji, *Theory as History*, einkum bls. 41.

<sup>38</sup> Röksamend okkar leggur út af og vikkar út röksamendaferslu Marcells van der Lindens um kapitalisma í „Final Thoughts“, sjá Jürgen Kocka og van der Linden, *Capitalism*, bls. 251–266.

Með þessum hætti gætum við til dæmis rannsakað hvernig samhliða og samþætt vöruvæðing vinnu, auðmagns, náttúruauðlinda og afraksturs framleiðslu hefur í aldanna rás leitt af sér tilkomu og hnignun skiptigildadrifinna, kapítalskra (eða markaðsdrifinna) efnahagskerfa.<sup>39</sup> Enn fremur mætti tengja þennan greiningarramma við vaxandi svið félagsögulegra rannsókna á ójafni og tengdri þróun. Saman gætu þessir straumar innan fræðanna sameinast í nálgun sem væri hugsuð í löngu tímasniði, hún væri ekki Evrópumíðuð og tæki til grundvallaratriðanna tveggja, það er að segja hvernig merkingarhættir yfirráða og ósjálfstæðis hafa breiðst út og hvernig þeir geta legið samhliða og átt í samræðu sín á milli.<sup>40</sup> Að lokum mætti innlima tilkomu og útvíkkun merkingarháttanna yfirráða og ósjálfstæðis í sögu félagslegra og pólitískra hreyfinga. Skilgreining Neils Davidsons á félagslegum og pólitískum byltingum mætti til dæmis með fjórum hætti útvíkka ef greint er á milli félagslegra byltinga sem leiða af sér breytingu í merkingarháttum yfirráða og ósjálfstæðis annars vegar og hins vegar pólitískra byltinga sem skapa breytingar innan ákveðins merkingarháttar. Þessi nálgun skapar með óbeinum hætti grundvöll til að rannsaka áhrif samtaka verkamanna í aldanna rás.<sup>41</sup>

### *Samþætt vinnusaga í smíðum*

Að rekja í sundur flókin vinnutengsl og setja í samhengi við ólíkan stað og stund útheimtir að þróuð sé haldbær aðferðafræði. Jairus Banaji hefur bent á „rökvísi í útbreiðslu“ ákveðinna vinnutengsla (það er að segja af hverju ákveðin vinnutengsl verða fyrir valinu innan ákveðins tímalegs og landfræðilegs samhengis) og sýnt fram á að ástæður þess að þau fléttast saman velta á samhengisbundnum ákvörðunum frumkvöðla og verkefnamiðaðra hvata sem ráðast af einkennum hvers og eins framleiðslugeira.<sup>42</sup> Með svipuðum hætti köllum við eftir róttækri samhengisbindingu og etnógrafískri lýsingu á vinnutengslum innan tiltekinnar

<sup>39</sup> Sjá nýlega atlögu að þessu í Bas van Bavel, *The Invisible Hand? How Market Economies Have Emerged and Declined Since AD 500*, Oxford: Oxford University Press, 2016.

<sup>40</sup> John M. Hobson, „What Is at Stake in the Neo-Trotskyist Debate? Towards a Non-Eurocentric Historical Sociology of Uneven and Combined Development“, *Millennium. Journal of International Studies* 40, 1/2011, bls. 147–166; *Historical Sociology and World History. Uneven and Combined Development over the Longue Durée*, ritstjórar Alexander Anievas og Kamran Matin, London og New York: Rowman & Littlefield International, 2016. Sjá einnig greinar sem birtust í *Historical Materialism* 26, 3/2018 og fjölluðu um *How the West Came to Rule* (London: Pluto Press, 2018) eftir Alexander Anievas og Kerem Nişancıoğlu.

<sup>41</sup> Neil Davidson, *How Revolutionary Were the Bourgeois Revolutions?*, Haymarket Books: Chicago, 2012.

<sup>42</sup> Jairus Banaji, *Theory as History*.

samfélagsgerðar.<sup>43</sup> Að okkar mati skilst díalektík aðgreiningar og flæðis betur ef horft er til þeirra brauta og stofnana sem þessi tengsl mynduðust innan, sem og hvernig persónur og leikendur í sögunni upplifðu þau. Þess vegna ríður á að kanna tiltekna staði og svæði, tilteknar stofnanir og ákveðna efnahagsgeira og lýsa sögulegu flækjustigi hins pólitíska og hins félagslega innan einstakra vinnutengsla með rannsóknum grundvölluðum á frumheimildum.<sup>44</sup>

Þessari samhengisbundnu nálgun má ekki rugla saman við svæðisbundna nálgun.<sup>45</sup> Öllu heldur leggjum við til að rannsakaðar séu staðbundnar birtingarmyndir hnattrænna tengsla; skurðarpunktur valdalína sem myndast í ákveðnu samhengi. Með öðrum orðum tókum við mið af tveimur þáttum: 1) Að safn vinnutengsla í tilteknu samhengi og á tilteknum tíma sé ekki einvörðungu afsprengi innri ferla heldur hljótist það jafnframt af löngum og stuttum, viljugum eða óviljugum fólksflutningum sem og dreifingu verslunarvöru, hugmynda, tækni og vinnuhátta; og að 2) vinnutengsl á tilteknu svæði móti stærri framleiðslu- og uppsöfnunarferla en að þau séu jafnframt háð þessu svæði í breiðari (staðbundinni, svæðisbundinni og alþjóðlegri) skiptingu vinnuafis og sem hluta af vörukeðjunni.

Auk þess að kalla eftir róttækri samhengisbindingu viljum við halda á lofti sjónarmiði sem byggir á gagnkvæmum tengslum. Virkni vinnu í hvaða mynd sem er — þrælalaldi, kvaðavinnu, fangavinnu eða launavinnu — þarf að rannsaka í tengslum við önnur form sem taka samtímis á sig mynd.<sup>46</sup> Þegar horft er til lífsferils verkafólks eða fjölskyldna þeirra geta þessi fjölbættu vinnutengsl í senn verið samtímaleg og söguleg. Vinnandi maður gæti til dæmis verið þræll í upphafi en síðar orðið launþegi; ógift stúlka í aukavinnu sem er launuð gæti seinna meir unnið ólaunuð heimilisstörf sem eiginkona og móðir á heimili eiginmanns síns; verkamaður gæti í senn verið í launaðri og ólaunaðri vinnu, eða unnið sem

<sup>43</sup> Hugmyndin að hugtakinu „róttæk samhengisbinding“ (e. *radical contextualization*) kom frá Enrique Martino Martín í umræðum vinnuhópsins „Free and Unfree Labour“ sem tilheyrir European Labour History Network. Fundurinn var haldinn á vegum European Social Science History Conference (ESSHC) árið 2016 í Valensíu á Spáni. Dæmi um etnógrafíska lýsingu á verkferlum er brautryðjendarannsókn Gerds Spittlers, *Anthropologie der Arbeit. Ein ethnographischer Vergleich*, Wiesbaden: Springer VS, 2016.

<sup>44</sup> Juliane Schiel og Stefan Hanß, „Semantics, Practices and Transcultural Perspectives on Mediterranean Slavery“, *Mediterranean Slavery Revisited*, ritstjórar Stefan Hanß og Juliane Schiel, Zürich: Chronos Verlag, bls. 15.

<sup>45</sup> Christian G. De Vito og Anne Gerritsen, „Micro-spatial Histories of Labour. Towards a New Global History“, *Micro-Spatial Histories of Global Labour*, ritstjórar Christian G. De Vito og Anne Gerritsen, London: Palgrave Macmillan, 2018, bls. 1–28.

<sup>46</sup> Þessi krafa byggir einkum á Andreu Komlosy, „Work and Labor Relations“, bls. 48–51.



launþegi og athafnamaður samtímis.<sup>47</sup> Í hnattrænu samhengi skiptir sköpum að skilja hvernig margþætt safn ólíkra vinnutengsla, manna sem skrimta á ólíkum svæðum, geta verið aðskilin og sérstæð, en um leið tengd nánum böndum. Hvað sögulega framvindu áhrærir hafa breytingar á vinnutengslum oft í för með sér hvörf sem eru ekki línuleg, þau eru ekki hvörf frá einum tengslum til annarra (til dæmis frá þrældómi til launavinnu) heldur frá einu safni tengsla til annarra.<sup>48</sup> Umskipti frá fjölþættum til stakra vinnutengsla eru því ekki sjálfgefin heldur þarf að útskýra þau á eigin forsendum.

Sjónarhorn sem horfir til gagnkvæmra tengsla gerir okkur jafnframt kleift að taka framfaraskref í aðra átt. Hingað til hefur umræðan að miklu leyti til snúist um vinnutengsl sem óhlutbundið fyrirbæri en ekki sem reynslu og samneyti verkamanna í aldanna rás. Að okkar mati þarf að samrýma þanka um vinnutengsl við áþreifanlega reynslu hinna þrælkuðu, fanganna, hinna kvaða- og samningsbundnu í ákveðnu sögulegu samhengi. Unnu verkamenn bundnir ólíkum vinnutengslum mismunandi verk á sama vinnustaðnum? Deildu þeir í grundvallaratriðum sambærilegri lífsreynslu í hinu stærra, félagslega samhengi? Færði vinnuveitandinn sér í nyt hve ólíkir þeir voru innbýrðis til að stjórna þeim? Hvernig skynjuðu mismunandi hópar verkamanna hver annan? Í framhaldi af þessum spurningum væri forvitnilegt að kanna hvar línur skarast og samheldni myndast á meðal verkamanna í ákveðnum en ólíkum vinnutengslum, markmið þessa væri svo að endurnýja kynnin við rannsóknir á vinnutengslum og sjónarhorni verkamanna, félagslegum atbeina og samtökum verkamanna.<sup>49</sup> Sé byggt á útvíkkun hugtaki um verkalýðsstéttina gæti víðtækari sýn okkar á vinnusögu boðið upp á umfangsmeiri viðmiðunarramma og um leið auðveldað okkur að tengjast á nýjan leik hinu rótgróna sviði verkalýðssögunnar.

Þá samhengisbundnu og gagnkvæmu nálgun á vinnutengsl og atvinnureynslu sem við leggjum hér til má heimfæra upp á vinnusögu á ólíkum stöðum

<sup>47</sup> Um lífsferilinn fjallar Josef Ehmer, „The ‚Life Stairs‘. Aging, Generational Relations and Small Commodity Production in Central Europe“, *Ageing and Generational Relations over the Life Course. A Historical and Cross Cultural Perspective*, ritstjóri Tamara K. Hareven, Berlín og New York: De Gruyter, 2012, bls. 53–74; Lutz Raphael, „Life Cycle and Industrial Work. West German and British Patterns in Times of Globalization“, *German Historical Institute London Bulletin* 38, 2/2016, bls. 23–45.

<sup>48</sup> Matthias van Rossum, „Redirecting Global Labor History?“, *Explorations in History and Globalization*, ritstjórar Catia Antunes og Karwan Fatah-Black, London: Routledge, 2016, bls. 47–62, hér bls. 52.

<sup>49</sup> Peter Linebaugh og Marcus Rediker, *Many-Headed Hydra*; Marcelo Badaró Mattos, *Escravizados e livres. Experiências comuns na formação da classe trabalhadora carioca*, Rio de Janeiro: Bom Texto, 2008.

og svæðum í aldanna rás. Þetta býður upp á tækifæri til að fara í áttir sem vinnusagnfræðingar hafa aðeins kannað að takmörkuðu leyti. Ein þeirra hverfist um kerfisbundna útvíkkun á tímavíddinni. Athygli fræðimanna sem láta sig hnatt-ræna sögu varða hefur hingað til verið rækilega niðurnjörvuð við tímabilið 1500–2000; nýlegar rannsóknir á vinnu til forna og á miðöldum benda aftur á móti með skýrum hætti til þess, að gríðarlegir möguleikar séu í því fólgnir að útvíkka svið vinnusögunnar. Önnur leið til að styrkja með beinum hætti hnatt-rænar breytingar innan vinnusögu felst í víðtækari nálgun á rými. Hingað til hafa fræðimenn haft meiri áhuga á sumum svæðum en öðrum, sér í lagi sögulegum aðstæðum í samhengi við evrópska nýlendustefnu á árnýöld og nýöld (til dæmis í Brasilíu og Suður-Afríku) eða þeim sem tengja má við efnahagslegan uppgang í nútímanum (Kína og Indland). En sú mikla sagnritun sem er afsprengi svæðis-bundinna rannsókna og tímabila sem ekki tengjast evrópskri nýlendustefnu getur fært okkur sanninn um það, að kerfisbundnari rannsóknir á sögulegum heimildum og nýjar rannsóknir á svæðum sem ekki hafa verið rannsökuð með fullnægjandi hætti (frá Srí Lanka til bróðurparts Afríku, frá Mesópótamíu til Ameríku fyrir komu Kólumbusar) eru brýnar, ef okkur á að takast að storka enn frekar þeirri djúpstæðu Evrópumíðjun sem enn er ríkjandi á fræðasviðinu.<sup>50</sup> Þessi tvenns konar útvíkkun sjónarhornsins gæti aukið næmi fræðimanna á fjölbreyti-leika merkingarháttá yfirráða og ósjálfstæðis á ólíkum stöðum og ólíkum tímum í aldanna rás, en einnig gert þá næmari fyrir ánaud og þvingun í vinnutengslum.

### *Rannsóknaraðferðir*

Við leggjum til þrjár rannsóknaraðferðir í því augnamiði að skoða vinnutengsl og vinnureynslu í sínu samhengi, leggja ríkari áherslu á gagnkvæm tengsl og brjótast með þeim hætti í gegnum hefðbundinn hugtakaramma og tímaás vinnusögunnar: 1) að greina málfræði ósjálfstæðis (e. *grammar of dependency*) með rannsóknum á sögulegri merkingarfræði vinnutengsla; 2) að fara ofan í saumana á ólíkum birtingarmyndum og samhengi þvingunar; og 3) að gefa sveigjanleika og óvissu aukinn gaum. Ljóst er að innan vinnusögu munu fræðimenn nýta sér þessar rannsóknaraðferðir í mismunandi mæli og eins gætu aðrar bæst við sem framkalla blæbrigðaríkari og analýtískari skilning á tilteknum sögulegum merkingarháttum yfirráða og ósjálfstæðis.

<sup>50</sup> Í svipaðan streng tekur Willem van Schendel, „Beyond Labour History’s Comfort Zone? Labour Regimes in Northeast India, from the Nineteenth to the Twenty-First Century“, *The Life Work of a Labor Historian. Essays in Honor of Marcel van der Linden*, ritstjórar Ulbe Bosma og Karin Hofmeester, Boston og Leiden: Brill, 2018, bls. 174–207.

**Málfræði ósjálfstæðis: Söguleg merkingarfræði vinnutengsla**

Fyrsta rannsóknaraðferðin snýr að þeim fræðilegu forsendum sem liggja vestrænum nútíma til grundvallar og styðst við sögulega og merkingarfræðilega nálgun. Í stað sundurgreinandi flokka, tvískiptingar hugtaka og þeirrar félagslegu kvíslgreiningar sem þróaðist í Evrópu eftir 1789 eða orðræðna sem notaðar eru til að lýsa ánaud og þvingun í sambandi við vinnutensl byggir aðferðin sem hér um ræðir á skráningu orða, orðasambanda og orðtaka sem tilheyra ákveðnum stað, stund og kringumstæðum og tjá félagsleg yferráð og ósjálfstæði í tengslum við vinnu. Í stað þess að reyna að láta félagslegan raunveruleika rúmast innan óhlutstæðra hugtaka sem tilheyra vestrænum hugvísindum og miðla raunverulegum aðstæðum í orðum á borð við þræl-dóm, bændu-ánaud, þjónustustörf eða frelsi er áhersla lögð á þá hluta ræðunnar (til dæmis sagnorð) sem tjá félagstensl og gera þau möguleg.<sup>51</sup> Gert er ráð fyrir því að persónur og leikendur sögunnar — burtséð frá sjónarhorni, tilgangi eða þeim hætti sem fólk kys til að skrifa eða tjá sig munnlega — reiði sig á tjáningarmöguleika sem séu takmarkaðir og lúti ákveðnum sögulegum lögmálum hverju sinni. Hugsunin sem býr að baki sögulegri og merkingarfræðilegri nálgun felst almennt séð í því að koma auga á, setja í samhengi og söguvæða þær aðferðir til tjáningar sem í boði eru og greina málfræðina (í eiginlegum og óeiginlegum skilningi) sem býr að baki.<sup>52</sup>

Nánar til tekið býður þessi nálgun upp á það, að innan fræðanna verði unnt (a) að safna orðaforða sem tengist ánaud og þvingun innan ákveðinna samfélagsgerða, (b) að hægt sé að greina innri stigveldi og sambandið á milli tengsla í orðræðu og (c) að draga fram í dagsljósið undirliggjandi félagslega flokkunarfræði sem felst í orðanotkun við raunverulegar aðstæður. Áhrif þessarar tilraunar eru mikilvæg í tvennu tilliti. Í fyrsta lagi eykur hún skilning á málfræðilegri uppbyggingu tiltekinna merkingarháttá sem varða yferráð og ósjálfstæði innan ákveðinnar félagsgerðar og gerir okkur kleift að fjalla um frásagnir tengdar vinnu og framleiðslu, eignarnámi, ofbeldi og þvingun á sama grundvelli. Í annan stað skapar þekking og kunnátta á því að lýsa málfræði yferráða og ósjálfstæðis innan ákveðinnar félagsgerða nýjar forsendur fyrir sögulegan samanburð án landamæra og draga fram orðanotkun í raunverulegum aðstæðum á hátt sem gæti orðið grundvöllurinn að nýjum greiningaraðferðum sem ekki eru skilyrtar af vestrænum forsendum. Fræðimenn sem leggja fyrir sig þessa nálgun munu einkum glíma

<sup>51</sup> *Making a Living* eftir Maríu Ágren telst til brautryðjendarannsókná á þessu sviði.

<sup>52</sup> Ludolf Kuchenbuch, *Reflexive Mediävistik. Textus, Opus, Feudalismus*, Frankfurt am Main: Campus-Verlag, 2012, bls. 41–54; *Semantiken der Arbeit. Diachrone und vergleichende Perspektiven*, ritstjórar Jörn Leonhard og Willibald Steinmetz, Köln: Böhlau Verlag, 2016, bls. 45; Patrice Beck, Laurent Bernardi og Laurent Feller, *Rémunérer le travail*.

við áskoranir af tvennum toga: Ójafnvægið sem ríkir á milli empírískra grunna og sagnritunar innan og utan hins vestræna heims, ólíkar hefðir í nútíma og fornútíma; sem og áskoranirnar sem í því felast að leita nýrra leiða til að túlka, setja í samhengi og bera saman málfræði yfirráða í jafn ólíkum tungumálasamfélögum og Kína til forna, latínu miðalda eða svahíli eins og hún er töluð í dag. Augljóslega takmarkast þessi rannsóknaraðferð ekki við klassíska hugtakasögu heldur beinist hún einnig að sögu ánauðar og þvingunar.

### **Að losa um þvingun: Stund, staður, svið, stig og háttur**

Markmið annarrar áætlunarinnar er að kanna fjölbætt gangverk þvingunar að baki tilteknum vinnutengslum innan samfélagsgerðar. Að dæmi Marcell van der Lindens leggjum við til að skoðuð séu a.m.k. þrjú stig þvingunar — (1) við ráðningu, (2) á vinnutímabili og (3) við lok vinnusambands<sup>53</sup> — en einnig þær flóknu afleiðingar sem þvingun hefur í för með sér á þessum stigum. Svo dæmi sé tekið gæti verkamaður stofnað til vinnusambands af fúsum og frjálsum vilja en orðið fyrir þvingun á vinnutímabilinu og verið meinað um að hætta. Á hinn bóginn gæti svo farið að einstaklingur sé þvingaður í þrælshald en öðlist umtalsvert sjálfræði á tímabilinu — til að mynda í krafti lestrarkunnáttu — og hljóti að lokum frelsi.

Rannsókn á vettvangi þvingunar er annar álitlegur upphafsreitur ef ætlunin er að kanna til hlítar gangverk yfirráða og ósjálfstæðis og reynslu af þessu tvennu. Hægt væri að skoða ofan í kjölinn vinnutengsl á tiltekinni plantekru eða námu, handverkstæði eða verksmiðju, galeiðu eða skipasmíðastöð frá árnýöld. Með samamburðarrannsóknir að leiðarljósi mætti einnig kanna tiltekinn vettvang sem hluta af stærra sviði þvingunar þar sem til athugunar væri einn efnahagsgeiri, eitt landsvæði, ein fólksflutningsleið eða tengslanet eða öll starfsemi sem þrífst innan eins fyrirtækis. Önnur leið til að kanna þau svæði þar sem þvingun á sér stað fælist í því að skoða vinnutengsl á vettvangi dreifðrar framleiðslu-, dreifingar- og vörukeðju. Sé sjónum beint að ákveðnum hópi verkamanna gerir það okkur jafnframt mögulegt að kanna tengsl á milli ákveðins vinnusvæðis/svæða og annarra svæða, til að mynda hverfisins og þeirrar endurframleiðslu á hugmyndum um yfirráð, ósjálfstæði og þvingun sem þar á sér stað — sér í lagi í mótun á kyni, stétt og kynþætti/þjóðerni. Að lokum mætti rannsaka líkindi og mismun sem koma fram þegar þvingun er beitt á vettvangi ólíkra vinnusvæða. Máttur forræðishyggjunnar sem einkenni þrælshald og þrælaverslun á skipaleiðum um Atlantshaf verður til að mynda skiljanlegri ef haft er í huga að

<sup>53</sup> Marcel van der Linden, „Dissecting Coerced Labor“, Marcel van der Linden og Magaly Rodríguez García, *On Coerced Labor*, bls. 293–322. Tillagan að þessari nálgun kom áður fram hjá Robert Steinfield og Stanley Engermann, „Labor—Free or Coerced?“, *Free and Unfree Labour*, ritstjórar Tom Brass og Marcel van der Linden, bls. 109–113.

stigveldi forræðishyggjunnar mótaði öll tengsl innan heimilisins í samsvarandi samfélagsgerðum.<sup>54</sup>

Sérhver tegund vinnutengsla á sér sína ákveðnu baksögu sem einkennist af yfirráðum og ósjálfstæði, og sérkenni hvernar baksögu er einmitt það sem við viljum leiða í ljós. Þess vegna hvetjum við aukinheldur til þess að horft sé til stigs og merkingarháttar þvingunar, og að gangverk valds og sjálfstjórnunar sé einnig haft í huga — hvort sem það er líkamlegt eða samningsbundið, uppi á borði eða undir borðinu, skjalfest lög eða munnlegt samkomulag. Þetta krefst þess enn fremur að hið greinandi sjónarhorn sem hér hefur verið lagt til grundvallar sé útvikkað uns það tekur sjálfræði með í myndina; að hve miklu leyti verkamaðurinn hefur stjórn á eigin vinnu. Með öðrum orðum ættum við einnig að taka til greina stað, stund, tíðni og merkingarhátt sjálfræðis. Sakir þess að margþætt vinnutengsl geta í senn verið samtímaleg og söguleg í lífi einstakra verkamanna verðum við bæði að gera ráð fyrir fjölbreyttum aðstæðum þar sem þvingun og sjálfræði skarast á ólíkum augnablikum, fremur en að skilgreina vinnuafli eingöngu út frá því hvort það sé frjálst eða ófrjálst. Enn fremur stafa hvoru tveggja þvingun og sjálfræði af einstaklingsbundnum ferlum ekkert síður en samfélagslegum. Ef ákveðin augnablik þar sem þvingun á sér stað eru skoðuð skapast enn fremur farvegur til að kanna lagalegt regluverk vinnutengsla og hverju samtök verkafólks — hvort sem um er að ræða þrælbraðralög, gildi handverksmanna eða verkalýðsfélög iðnverkfólk — geta áorkað. Átök og málamiðlun verða með þessum hætti hluti af frásögninni, þvingun og sjálfræði birtast sem samtvinnuð fyrirbæri, jafnvel í því hvernig stjórnun er háttað og hvernig henni er tekið.

### Vinna á tímum sveigjanleika og óvissu

Þriðju rannsóknaráætluninni er ætlað að ná utan um „dreifingarútfærslu“ (e. *logic of deployment*) ákveðinna vinnutengsla í ákveðnu samhengi, beina sjónum að störfum og reynslu undirokara og hinna undirokuðu í því skyni að kortleggja og tímasetja tilfærslur. Dæmi: Hvers vegna er ákveðna samsetningu þræla, skuldbundins verkafólks og almennra launþega að finna á tiltekinni plantekru? Af hverju gerir þjónustuver í samtímanum bæði fasta og opna samninga við starfsfólk sitt, en hefur jafnframt á sínum snærum starfsfólk sem hægt er að kalla út með stuttum fyrirvara? Og hvað veldur því að blanda vinnutengsla af slíkum toga styrkist eða hrynur á ákveðnu augnabliki?

Sveigjanleiki og óvissa eru vensluð hugtök og beita má þeim sem greiningartólum til að varpa ljósi á slíkar spurningar.<sup>55</sup> Sveigjanleiki í vinnu er tilraun at-

<sup>54</sup> Christopher Tomlins, „Subordination, Authority, Law. Subjects in Labor History“, *International Labor and Working-Class History* 47, 1995, bls. 56–90.

<sup>55</sup> Ítarlegri lýsingu á þessari nálgun er að finna hjá Christian G. De Vito, „Labour Flex-

vinnurekandans og fólks í stefnumótun til að samrýma framboð þess sem þeir telja heppilegustu samsetningu vinnuafis með tilliti til eigin framleiðsluþarfa og pólitískra hagsmuna. Hann tekur til fjárhagslegra sjónarmiða atvinnurekandans (það er þóknun, hvata og kostnaðar við flutning, hýsingu og fæðu), framleiðslutengdra þarfa (það er hlutfalls atvinnuafis með og án reynslu) sem og huglægra tengsla kyns, kynþáttar og aldurs við framleiðni og aga; og jafnframt til þeirra samhengisbundnu tálma sem kunna að koma í veg fyrir ákjósanlega samsetningu vinnuafis (það er að ekki sé hægt að kaupa þræla eða laða til sín ólaunaða flóttamenn, sem og andspyrna verkafólks).

Á meðan vinnuveitandinn falast eftir sveigjanleika hjá vinnuaffinu sækist verkamaðurinn eftir því að öðlast frekari stjórn á eigin vinnu og sjálfstæði undan oki vinnuveitandans. Frá þessu sjónarmiði mætti skilgreina óvissu verkamannsins út frá vanmættinum sem hann/hún skynjar gagnvart vinnukrafti sínum með tilliti til annars verkafólks, vinnumarkaðarins og félagslegrar endurframleiðslu á starfskröftum. Notkun á hugtakinu auðveldar okkur að bera kennsl á kringumstæður þar sem innri átök eða samhugur mótast með einum eða öðrum hætti hjá verkafólki sem annað hvort tilheyrir sömu vinnutengslum eða þvert á ólík vinnutengsl. Þannig opnast nýir möguleikar til rannsókna á þeim aðgerðum sem verkafólki og samtökum þeirra standa til boða, sem og í rannsóknum tengdum ólíkum strategíum vinnuveitenda og verkafólks.

### *Niðurstaða*

Deiglan í fræðilegri umræðu hefur leitt í ljós að frekari skilningur á merkingarháttum yfirráða og ósjálfstæðis innan ákveðinna samfélagsgerða krefst aukinnar samþættingar vinnusögu annars vegar og hins vegar félags sögu og samfélagsmála yfirleitt. Leo Lucassen hefur réttilega rakið að á sama tíma og rannsóknir í öðrum greinum hafa sett hnattrænt ójafnrétti, efnahagslegt og félagslegt, á dagskrá með farsælum hætti hafa vinnusagnfræðingar hingað til ekki komið með skilmerkilegt framlag til þessara aðkallandi mála, þótt þeir séu í góðri aðstöðu til að gera slíkt.<sup>56</sup> Með því að tileinka sér og útvíkka sjónarhorn ánaugar og þvingunar í vinnutengslum geta þeir uppfyllt þetta hlutverk.

---

ibility and Labour Precariousness as Conceptual Tools for the Historical Study of the Interactions among Labour Relations“, *On the Road to Global Labour History. A Festschrift for Marcel van der Linden*, ritstjóri Karl-Heinz Roth, Leiden og Boston: Brill, 2017, bls. 219–240.

<sup>56</sup> Leo Lucassen, „Working Together. New Directions in Global Labour History“, *Journal of Global History* 11, 1/2016, bls. 66–87. Dæmi um tvö lykilverk um ójafnrétti utan vinnusögu, sjá Thomas Piketty, *Le capital au XXIe siècle*, París: Seuil, 2013; og Branko Milanovic, *Global Inequality. A New Approach for the Age of Globalization*, Cambridge, MA: Belknap Press, 2016.

Þótt gengið sé út frá því að hlutfallsleg aukning á samningsbundinni vinnu hafi orðið á 20. og 21. öld má ljóst heita að samningur einn og sér kemur hvorki í veg fyrir þvingun né felur sjálfkrafa í sér aukið frelsi. Lagaleg birtingarmynd samningsins sem samþykkis tveggja einstaklinga með sömu réttindi dylur ekki aðeins valdaójafnvægið á milli atvinnurekenda og vinnuafis heldur einnig þann mikla aðstöðumun sem ríkir á milli verkamanna innbyrðis — litróf sem spannar skalann frá hinum tiltölulega sjálfráðu til hinna líkamlega valdbeittu.<sup>57</sup> Þættir á borð við kyn, hjónabandsstöðu, aldur, þjóðerni og stéttarstöðu falla alla jafna utan samninga og það gera einnig lagaleg mörk sem ákvarðast af ríkisborgararétti eða gangvirkni undirverktaka og skuldsetningar sem hefur áhrif á vinnuskilyrði verkamanna.<sup>58</sup> Aðgreining á milli „reglulegra“ og „óreglulegra“ farandverkamanna í dag sem og hættan á því að þeir séu hnepptir í varðhald eða fluttir úr landi er ein aðalástæða þess að slíkir verkamenn gangast inn á slæm kjör og affleit skilyrði — með þeim afleiðingum að ólöglegur, svartur markaður þrífst sem er óháður samningum.

Þessi margþætti aðstöðumunur þeirra sem stunda samningsbundna vinnu og þær mjög svo ólíku tegundir samninga og leiða sem notaðar eru til að semja um kjör leiðir í ljós, svo ekki verður um villst, hversu misvísandi það er að leggja slíkt samningabákn blákalt að jöfnu við hefðbundna ráðningarsamninga.<sup>59</sup> Samofin áhrif fullrar vinnu, langtímasamninga og almannatrygginga skiluðu varla nokkurn tímann tilætluðum árangri, ekki einu sinni á gullaldarárum Ford-tímans; meira að segja í hinu svokallaða hnattræna norðri voru samlegðaráhrif þessara lífsgæða takmörkuð — sér í lagi með tilliti til þess í hve litlum mæli þau náðu til kvenna og farandverkamanna.<sup>60</sup> Frá tíunda áratug 20. aldar hefur hið hnatt-

<sup>57</sup> Amy Dru Stanley, *From Bondage to Contract. Wage Labor, Marriage, and the Market in the Age of Slave Emancipation*, Cambridge: Cambridge University Press, 1998; Jairus Banaji, *Theory as History*, bls. 131–154.

<sup>58</sup> Judy Fudge og Kendra Strauss, *Temporary Work. Agencies and Unfree Labour: Insecurity in the New World of Work*, London: Routledge, 2013; *Bonded Labor. Global and Comparative Perspectives (18<sup>th</sup>–21<sup>st</sup> Century)*, ritstjórar Sabine Damir-Geilsdorf o.fl., Bielefeld: Transcript, 2016.

<sup>59</sup> Jan Breman og Marcel van der Linden, „Informalizing the Economy. The Return of the Social Question at a Global Level“, *Development and Change* 45, 5/2014, bls. 920–940; Marcel van der Linden, „San Precario. A New Inspiration for Labor Historians“, *Labor Studies in Working-Class History of the Americas* 11, 1/2014, bls. 9–21; *Ausser Betrieb. Metamorphosen der Arbeit in der Schweiz*, ritstjórar Brigitta Bernet og Jakob Tanner, Zürich: Limmat, 2015.

<sup>60</sup> Eloisa Betti, „Gender and Precarious Labor in a Historical Perspective. Italian Women and Precarious Work between Fordism and Post-Fordism“, *International Labour and Working-Class History* 89, 2016, bls. 62–83; Laurie Berg, *Migrant Rights at Work. Law's Precariousness at the Intersection of Immigration and Labour*, New York og London: Routledge, 2016.

ræna norður og hnattræna suður einkennst af auknum sveigjanleika og óvissu en einnig af allsherjar endurskipulagningu á hinum hnattræna vinnumarkaði sem á rætur sínar að rekja til aðgerða þverþjóðlegra fyrirtækja; samþættingar á vörukeðjum; tilfærslu á framleiðslu; aukningar á flæði neysluvöru og alþjóðlegra farandverkamanna.<sup>61</sup> Á alþjóðavísu er afleiðingin sú, að form og innihald vinnutengsla á einum stað stjórna í auknum mæli af atburðum og ferlum á öðrum stöðum.

Í hinu hnattræna norðri og hnattræna suðri er „kapphlaup á botninn“ háð til að draga úr vinnukostnaði. Í krafti tilflutnings á framleiðslu og tilfærslu á vinnuafli hafa skapast ákveðnar kringumstæður samfara tæknilegum, framleiðslutengdum og fjárhagslegum breytingum sem marka afgerandi hvörf sem ná handan við samningabáknið; þau fela í sér vinnutengsl sem einkennast af persónulegu ósjálfstæði og þvingun sem ekki er af efnahagslegum toga.<sup>62</sup> Þrátt fyrir alla þá tilfinningalegu hleðslu sem felst í hugtakinu „nútimaþrælahald“ er því eigi að síður um megn að fanga kjarnann í þessari umbreytingu; það vísar eingöngu til þrælahalds sem myndhverfingar og á ösögulegan hátt; í því felst að verkamenn í vinnutengslum af slíkum toga séu hjálparvana fórnarlömb; og það gefur til kynna að framleiðsla á nauðungarvinnu í nútímanum sé aðskilin frá vöruvæðingarferli vinnuaflsins.<sup>63</sup> Innleiðing þvingunar á vinnuafli í samtímanum

<sup>61</sup> *The Extent and Effects of Casualisation in Southern Africa. Analysis of Lesotho, Mozambique, South Africa, Swaziland, Zambia and Zimbabwe. Research Report for the Danish Federation of Workers*, ritstjóri Oupa Bodibe, 2006, sótt 1. október 2023 af <https://goo.gl/HxbZAB>; Dasten Julián, „La precariedad laboral, modernidad y modernización capitalista: Una contribución al debate desde America Latina“, *Trabajo y Sociedad (Santiago del Estero)* 23, 2014, bls. 147–168; Hwok-Aun Lee og Rene E. Ofreneo, „From Asian to Global Financial Crisis. Recovery Amidst Expanding Labour Precarity“, *Journal of Contemporary Asia* 44, 4/2014, bls. 688–710; Nicole Mayer-Ahuja, „Die Globalität unsicherer Arbeit als konzeptionelle Provokation. Zum Zusammenhang zwischen Informalität im ‚Globalen Süden‘ und Prekarität im ‚Globalen Norden‘“, *Geschichte und Gesellschaft* 43, 2017, bls. 264–296.

<sup>62</sup> Sjá sérstaklega Tom Brass, *Labor Regime Change in the Twenty-First Century. Unfreedom, Capitalism, and Primitive Accumulation*, Chicago: Haymarket Books, 2013. Höfundurinn vísar til þessa ferlis sem „aföreigavæðingar“.

<sup>63</sup> Kevin Bales, *Disposable People. New Slavery in the Global Economy*, Berkeley og Los Angeles: University of California Press, 1999. Gagnrýna greiningu er að finna hjá Orlando Patterson, „Trafficking, Gender and Slavery. Past and Present“, *The Legal Understanding of Slavery. From the Historical to the Contemporary*, ritstjóri Jean Allain, Oxford: Oxford University Press, 2012, bls. 322–359 (og skyld umræða á bls. 360–374). Annars konar sjónarmið er að finna í Kendra Strauss, „Coerced, Forced and Unfree Labour: Geographies of Exploitation in Contemporary Labour Markets“, *Geography Compass* 6, 3/2012, bls. 137–148; Genevieve LeBaron, „Unfree Labor Beyond Binaries. Insecurity, Social Hierarchy and Labor Market Restructuring“, *International Feminist Journal of Politics* 17, 1/2015, bls. 1–19; Filipe Calvão, „Unfree Labor“, *Annual Review of Anthropology* 45, bls. 451–467; Judy



bendir aftur á móti til stöðugrar samhæfni kapítalisma og nauðungarvinnu eða „viðvarandi freistingar vinnumarkaðarins til alræðistilburða,“ eins og Moulier-Boutang kemst að orði.<sup>64</sup>

Vinnusagnfræðingar geta stuðst við uppgötvanir sem gerðar hafa verið á þeirra sviði til að setja dæmi um beina þvingun á vinnumarkaði samtímans — hvort sem um er að ræða framleiðslu á textíl og raftækni í Asíu eða í evrópskum landbúnaði — í sögulegt og ósvæðisbundið samhengi og jafnframt fjallað um óbeina þvingunartilburði sem birtast til dæmis sem útpensla bandaríska fanga-kerfisins, berskjaldað ástand ólöglegs vinnuafis, aukin notkun verktaka í framleiðslu- og vöruflutningum sem og aukið aðhald og þvingunartilburðir innan félagslega kerfisins.<sup>65</sup> Á þeim tímamótum sem við stöndum á gæti vinnusaga sem sett er í sitt sögulega samhengi og byggir á gagnkvæmum tengslum getið af sér nýjar áherslur í sagnaritun — boðið upp á frumlegar, empírískar og fræðilegar túlkningar á hinum stóru, félagslegu og pólitísku málefnum. Þetta er sú áskorun og þau tækifæri sem við stöndum andspænis.

## *Þakkir*

Þessi texti á margt að þakka þeim heitu skoðanaskiptum og upptendruðu samræðum sem við höfum átt í gegnum tíðina við meðlimi *Free and Unfree Labour Working Group of the European Labour History Network*. Innblásturinn er sóttur til funda sem við skipulögðum í sameiningu og haldnir voru í Tórínó (2015), Valensíu (2016), Amsterdam (2016) og París (2017). Einnig stöndum við í þakkarskuld við fjölda samverkamanna (Bas van Bavel, Claudia Bernardi, Brigitta Bernet, Lorenzo D'Angelo, Joseph Ehmer, Ludolf Kuchenbuch, Marcel van der Linden, Viola Müller, Elise van Nederveen Meerkerk, Johan Lund Heinsen, Maria Luisa Pesante, Jakob Tanner, Simon Teuscher, Klaus Weber og Koni Weber) sem gáfu sér tíma til að ræða greinina á fyrri stigum. Þá ber að þakka *2017/18 re:work fellows* og meðlimum *Bonn Center for Dependency and Slavery Studies* sem aðstoðuðu við

---

Fudge, „Modern Slavery, Unfree Labour and the Labour Market. The Social Dynamics of Legal Characterization“, *Social and Legal Studies*, desember, 2017, bls. 1–21.

<sup>64</sup> Yann Moulier-Boutang, *De l'esclavage au salariat. Économie historique du salariat bridé*, París: Presses Universitaires de France, 1998, bls. 19.

<sup>65</sup> Byron Eugene Price, *Merchandizing Prisoners. Who Really Pays for Prison Privatization?*, Westport: Praeger, 2006; Dutch Institute for Human Rights (College voor de Rechten van de Mens), *Tegenprestatie voor de bijstand*, 30. júní 2015, sótt 1. október af [www.mensenrechten.nl/toegelicht/tegenprestatie-voor-de-bijstand](http://www.mensenrechten.nl/toegelicht/tegenprestatie-voor-de-bijstand); Klaus Weber, „Die Gefängnisindustrie in den USA. Zur Verschränkung von Arbeits-, Wohlfahrts- und Strafreime im Neoliberalismus“, *Kritische Justiz* 50, 2/2017, bls. 187–194; *Figure del lavoro contemporaneo. Un'inchiesta sui nuovi regimi della produzione*, ritstjórar Carlotta Benvegnù og Francesco F. Iannuzzi, Verona: Ombre Corte, 2018.

fjármögnun verkefnisins; tillögur þeirra og athugasemdir hafa verið okkur afar dýrmætar. Að lokum færum við Amöndu Morgan bestu þakkir fyrir vandaða ritstjórn. — Christian G. De Vito, Bonn Center for Dependency and Slavery Studies, Háskólanum í Bonn, Þýskalandi [cdevito@uni-bonn.de](mailto:cdevito@uni-bonn.de), Juliane Schiel, Department of Economic and Social History, Háskólanum í Vínarborg, Austurríki, [juliane.schiel@univie.ac.at](mailto:juliane.schiel@univie.ac.at) og Matthias van Rossum, International Institute of Social History, Amsterdam, Hollandi, [mvr@iisg.nl](mailto:mvr@iisg.nl).

## ÚTDRÁTTUR

### Úr ánaud í óvissu?

#### Ný sjónarmið í vinnu- og félagssögu

Markmið þessarar greinar er tvíþætt. Fyrst rýnum við í nýleg skrif um vinnusögu í því skyni að endurskoða og útvíkka greinina. Á grundvelli þessarar endurskoðunar verður leitast við að smíða empírískan greiningar- og aðferðaramma utan um rannsóknir á vinnutengslum og endurskilgreina samtímaleg málefni á borð við óvissu, „núttímaprælahald“, félagslegt óréttlæti og ósjálfstæði. Ef lítið er svo á að vinnutengsl séu í grundvallaratriðum margháttá og samtvinnuð, að ólík vinnutengsl þrífist samtímis og skarist í tímans rás, er það mat okkar að rannsóknarsviðið öðlist annars konar undirstöðu og að slíkt sé nauðsynlegt til skilnings á yfirgrípsmeiri, félagslegum ferlum. Með þetta að leiðarljósi leggjum við fram gagnkvæma nálgun á vinnutengsl og starfsreynslu sem er staðsett í sínu sögulega samhengi og nær þvert á tímabil. Jafnframt verða þrjár mögulegar rannsóknaraðferðir kannaðar: Greining á sögulegri merkingarfræði vinnutengsla, ítarleg athugun á þvingun og söguleg rannsókn á tengslum óvissu og sveigjanleika.

## ABSTRACT

### From Bondage to Precariousness?

#### New Perspectives on Labor and Social History

This article pursues two goals. First, it reviews recent literature calling for a revised and extended history of work. Based on that review, it then explores the possibility of a new, empirically based analytical and methodological framework for the study of labor relations and the reinterpretation of contemporary issues, including precariousness, “modern slavery,” social inequality, and dependence. We contend that viewing labor relations as standardly diverse, coexisting, entangled, and overlapping across history provides an

alternative organizing principle for the research field and is central to the understanding of larger social processes. To this end, we propose a contextualized, inter-relational and trans-epochal approach to labor relations and labor experiences, and discuss the potential of three research strategies: the analysis of the historical semantics of labor relations; the detailed study of coercion; and the historical investigation of the relation between precariousness and flexibility.

GUNNAR ÞORRI PÉTURSSON ÞÝDDI

